

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi ÍSLE3CE05	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		

Búið til – útg.	1. Útgáfa janúar 2026
Námsgrein	Íslenska
Titill	Íslensk tónlistarsaga – frá dægurtónlist til dauðarokks
Skammstöfun	ÍSLE3CE05
Viðfangsefni	Fjallað um sögu og þróun íslenskrar tónlistar í nútímanum með megin áherslu á léttari tónlist.
Staða áfanga	Samþykktur
Þrep áfanga	3. þrep
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing	Markmið áfangans er að nemendur öðlist þekkingu á sögu og samhengi íslenskrar dægurlagatónlistar, tengi hana við tíðaranda, strauma og stefnur (þ.m.t. í bókmenntum) í gegnum textagerð, og fái þannig tilfinningu fyrir hvernig hún hefur þróast í gegnum tíðina. Nemendur þjálfist í lestri fræðigreina, öðlist leikni í að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og tjá sig út frá þeim í ræðu og riti. Lögð er áhersla á tónlistarhlustun, virkni og þátttöku í umræðum.
Forkröfur áfanga	ÍSLE2BB05
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - sögu og þróun íslenskrar dægurtónlistar frá öndverðu til okkar daga, m.a. í gegnum lestur fræðigreina, spjall og hlustun. - hvernig tónlist og dægurlagatextar hafa mótagast af menningunni á hverjum tíma. - þeim breytingum sem orðið hafa á tónlistarumhverfinu hér á landi, t.a.m. tæknimöguleikum, þátttöku kvenna og útflutningi á tónlist.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - skilja samhengið í íslenskri tónlistarsögu. - lesa fræðigreinar um tónlistartengd málefni. - tjá sig munnlega og skriflega um tónlistarsöguna og samhengið innan hennar.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: geta fjallað af skilningi og þekkingu um íslenska dægurtónlist í sögulegu samhengi.

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2	ÍSLE3CE05	

	rita aðgengilegan og vel upp byggðan texta um íslenska tónlist og hvaðeina sem snýr að henni.
Námsmat	Námsmat áfangans er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.